



UMHVERFISNEFND HRUNAMANNAHREPPS

12. fundur Umhverfisnefndar Hrunamannahrepps kjörtímabilið 2022 - 2026 haldinn fimmtudaginn 28.nóvember 2024 kl. 17:15 í Ráðhúsinu á Flúðum.

Mættir eru: Halldóra Hjörleifsdóttir, formaður, Ragnheiður Georgsdóttir og Bjarni Arnar Hjaltason. Auk þess sátu fundinn Gunnþór Guðfinnsson starfsmaður umhverfismála og Aldís Hafsteinsdóttir sveitarstjóri.

DAGSKRÁ:

1. Fjárhagsáætlunargerð fyrir árið 2025.
2. Gjaldskrá fyrir meðhöndlun úrgangs í Hrunamannahreppi.

Formaður setti fund og óskaði eftir athugasemendum við fundarboð. Engar athugasemdir komu.

1. Fjárhagsáætlunargerð fyrir árið 2025.

Aldís Hafsteinsdóttir sveitarstjóri fór yfir fjárhagsáætlun fyrir málefni nefndarinnar eins og þau liggja fyrir eftir fyrstu umræðu í sveitarstjórn.

Nefndin gerir ekki athugasemdir við fjárhagsáætlunina en ljós er að stór verkefni liggja fyrir í framkvæmdum tengdum úrgangsmálum s.s. uppbygging á gámasvæðinu.

2. Gjaldskrá fyrir meðhöndlun úrgangs í Hrunamannahreppi.

Farið yfir drög að nýrri gjaldskrá fyrir meðhöndlun úrgangs. Töluverðar breytingar eru á gjaldskránni frá því verið hefur. Nefndin fagnar þessum breytingu sem er gott skref í þá átt að sveitarfélagið geti innheimt gjöld vegna úrgangs samkvæmt því sem lög segja til um. Nefndin er sammála því uppleggi sem lagt er til í gjaldskránni. Gunnþór mun vinna drögin áfram samkvæmt þeim umræðum sem voru á fundinum.

Halldóra Hjörleifsdóttir
Ragnheiður Georgsdóttir
Bjarni Arnar Hjaltason

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl 19:00
Fundarritari Halldóra Hjörleifsdóttir

Gunnþór Guðfinnsson
Aldís Hafsteinsdóttir